



Reykjavík, 15. júní 2020
SFS2020050139
186. fundur
HG/hig

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi stöðu ráðningarmála í skóla- og frístundastarfi haustið 2020.

Á 185. fundi skóla- og frístundaráðs, 9. júní 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir stöðu ráðningarmála í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar fyrir komandi vetur.

Svar:

Þann 9. júní 2020 var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla og grunnskóla á skóla- og frístundasviði um stöðu ráðninga í leikskólum og grunnskólum fyrir haustið 2020. Svör bárust frá öllum. Ekki var send fyrirspurn til stjórnenda frístundaheimila/sértækra félagsmiðstöðva en ráðningar þar fara að miklu leyti fram á haustin þar sem töluverður fjöldi starfsmanna þar eru nemendur í háskólanámi og ganga ekki frá ráðningu fyrr en stundatafla þeirra liggur fyrir.

Í leikskóla á eftir að ráða í 115,2 stöðugildi fyrir haustið miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun¹. Búið er að ráða í 93,1% stöðugilda þegar miðað er við fjölda stöðugilda eins og hann var í maí sl. en þá voru 1.673 stöðugildi í leikskólunum.

Í grunnskóla á eftir að ráða í 67,5 stöðugildi fyrir haustið, þar af 2,6 stöðugildi millistjórnenda, 30,4 stöðugildi kennara, 26,5 stöðugildi stuðningsfulltrúa, 5,0 stöðugildi skólaliða og 3,0 stöðugildi þroskajálfa. Búið er að ráða í 97,1% stöðugilda þegar miðað er við fjölda stöðugilda eins og hann var í maí sl. en þá voru 2.356 stöðugildi í grunnskólunum.

¹Auk þeirra 115,2 stöðugilda sem á eftir að ráða í leikskóla nú í júní miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun á eftir að ráða 18,3 stöðugildi í afleysingar vegna undirbúnings og 16,3 stöðugildi í veikindaafleysingar og 4,5 í önnur störf, samtals 39,1 stöðugildi.